



# Lestrarstefna Vallaskóla



**Verkefnisstjóri: Þórdís Kristjánsdóttir**

**Fagnefnd:**

**Björg Sigurðardóttir**  
**Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir**  
**Guðrún Þórunna Jónsdóttir**  
**Guðrún S. Þórarinsdóttir**  
**Hulda Finnlaugsdóttir**  
**Jóna Hannesdóttir**  
**Kristín Vilhjálmsdóttir**

- sérkennari (miðstig og efstastig)
- íslenskukennari (efsta stig)
- deildarstjóri sérkennslu
- sérkennari (sérdeild)
- sérkennari (yngsta stig)
- umsjónarkennari (miðstig)
- umsjónarkennari (yngsta stig)

Mars 2007 – 1. útgáfa  
Júní 2012 – 2. útgáfa

**© Vallaskóli - Selfossi**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>Bls.</b>
<b>Um lestur</b> .....	2
<b>Lestraraðferðir</b> .....	2
<b>Raddlestur og framsögn</b> .....	4
Raddlestur .....	4
Framsagnarlestur .....	4
<b>Hljóðlestraraðferðir</b> .....	4
SSLSR-aðferðin .....	7
Gagnvirkur lestur .....	7
KVL-aðferðin .....	8
<b>Heimalestur</b> .....	9
<b>Lesskilningur</b> .....	10
<b>Hlustunarskilningur</b> .....	11
<b>Lestrarerfiðleikar</b> .....	11
<b>Námsmat</b> .....	12
Raddlestrarpróf .....	13
Framsagnarpróf .....	14
<b>Stefnumörkun fyrir 1. bekk</b> .....	16
<b>Stefnumörkun fyrir 2. bekk</b> .....	17
<b>Stefnumörkun fyrir 3. bekk</b> .....	18
<b>Stefnumörkun fyrir 4. bekk</b> .....	19
<b>Stefnumörkun fyrir 5. bekk</b> .....	20
<b>Stefnumörkun fyrir 6. bekk</b> .....	21
<b>Stefnumörkun fyrir 7. bekk</b> .....	22
<b>Stefnumörkun fyrir 8.-10. bekk</b> .....	23
<b>Tillögur að lestrarprófum og öðrum þroskaprófum</b> .....	25
Heimildaskrá .....	28

## Um lestur

Lestur er undirstaða alls bóknáms og gera þarf íslenskukennslunni, “ástkæra ylhýra málinu,” eins góð skil og kostur er.

Það sem í daglegu tali er nefnt “lestur” vísar til þess ferils að lesarinn þekki bókstafatákn stafrófsskriftar, hljóð þeirra og geti myndað merkingarbæra heild úr orðinu og síðan heila setningu. Hugtakið lestur er einnig notað í víðari merkingu s.s. lestur á myndmáli (textalausar teiknimyndasögur), samskipti milli manna, eða að skoða eitthvað í umhverfi sínu. Þannig mætti lengi telja, en hugtakið lestur tengist nú orðið einnig tölvunni s.s. les(trar)hraði, sem er nú haft yfir vinnslugetu tölvudiska (sjá með leitarorði á netinu).

## Lestraraðferðir

Aðferðir við að lesa bókmal eru samtengjandi eða sundurgreinandi.

### Samtengjandi aðferðir eru:

- Hljóðaaðferðin** – að þekkja hljóð stafanna og tengja í eina heild. Þetta er sú aðferð sem líklega hefur verið mest notuð undanfarna áratugi hér á landi.
- Stöfunaraðferðin** – að segja stafina og mynda orðið úr þeim. Þessi aðferð er ef svo má segja einu skrefi frá hljóðaaðferðinni þar sem nafn stafsins er ekki alveg það sama og hljóð stafsins þegar hann tengist öðrum stöfum.

### Sundurgreinandi aðferðir:

- Orðaaðferðin** – þegar orðmyndir eða jafnvel setningar eru lærðar í heilu lagi og síðar greindar í hljóð bókstafanna.
- LTG-aðferðin** (Läsning på talets grund kennd við Ulriku Leimar) er einnig sundurgreinandi og byggir á talmáli og ýmsum hugtökum úr umhverfinu eins og nafnið bendir til. Líklegar kannast margir við bókina flestir við bókina “Litla gula hænán,” en hugmyndin að baki textanum í henni byggir á setningaaðferðinni.

Samtengjandi og sundurgreinandi aðferðum er yfirleitt blandað að einhverju leyti saman. Þannig má t.d. leggja áherslu á nafn stafsins (í stað

hljóðs) í hljóðaaðferð og einnig t.d. að læra orðmyndir algengra orða (dæmi: ekki, segir, og).

## **Raddlestur og framsögn**

**Raddlestur.** Í fyrstu lesa byrjendur upphátt en með meiri æfingu fara nemendur að lesa í hljóði og verður lestrarhraðinn þá að líkindum meiri. Þegar nemendur eru farnir að tengja saman stafi í orð er hægt að leggja fyrir þá svokallað raddlestrarpróf.

**Framsagnarlestur** –leiklestur – “skrautlestur” - er raddlestur lesinn með viðeigandi túlkun og skal lesarinn æfa sig að lesa textann áður en hann er fluttur. Framsögn er notuð í ýmsum tilgangi s.s. að taka próf í lestri (tungumál), að lesa upp fræðandi efni, að skemmta einhverjum með lestri.

## **Hljóðlestraraðferðir**

Í hljóðlestri þarf ekki (á ekki) að beita rödd sinni en engu að síður þarf lesarinn að vera vakandi yfir innihaldi textans.

Hér eru taldar upp nokkrar aðferðir sem teljast til hljóðlestrar. Innan sviga eru sýnd dæmi um hraðaviðmiðun (ath. hér er átt við orð á mín. en ekki atkvæði), sem Guðbjörg Ragnarsdóttir setur fram í tímaritinu Skímu með tilvitnun í ýmsa fræðimenn (2002). Í ritinu Fluglæsi eru settar fram viðmiðanir um leshraða (líklega raddlestur) og þær tölur eru sóttar til ýmissa fræðimanna. Í Drögum að nýrri aðalnámskrá er einnig að finna viðmiðanir um leshraða og eru þær samhljóða tölunum í Fluglæsi og því líklega þaðan komnar.

**Allar tölur um lestrarhraða ber að líta á sem fremur grófa viðmiðun og skal ekki telja til endanlegs sannleika um leshraða og ævinlega ætti að hafa í huga, þegar lesið er, hver tilgangurinn með lestrinum sé. Það er ekki**

**sama hvort verið er að lesa eitthvert kunnulegt efni eða það, sem er lesandanum alveg nýtt s.s. ókunnur orðaforði í vísindalegum texta, framhaldssagan frá gærdeginum eða stök orð við myndir fyrir lítið barn.**

Efsta stig lestrarkunnáttu má segja að sé: að lesa efnið, geta endursagt það eða endurskrifað, og sett nýja vitneskju í samhengi við það sem áður er vitað. Þegar leitað er eftir viðmiðum um árangur í lestri ber margs að gæta því oft skortir upplýsingarnar sem að baki tölum búa s.s. aldur lesenda, þyngdarstig lestexta, raddlestur (undirbúinn, óundirbúinn) eða hljóðlestur, fyrir hvern verið er að lesa þ.e. hvert er tilefnið, er verið að segja frá hámarksárangri eða meðalárangri, hvert er úrtakið o.s.frv.

- 1) **nákvæmnislestur** – dæmi: að fara eftir leiðbeiningum, leggja greinandi mat á texta með gagnrýnum huga (50-150 orð á mín., á “studifærdigheder” síðunni segir 120 orð á mín.). Nákvæmnislestur er oft notaður þegar verið er að lesa (læra) nýtt eða ókunnugt efni.
- 2) **yfirlitslestur** – að vera fljótur að tileinka sér meginatriði í texta án þess að dvelja við aukaatriði. Dæmi: lestur dagblaða og tímarita, að svara fjölvalsspurningum (250-350 orð á mín.).
- 3) **leitarlestur** – að nota lykla, skrár, efnisyfirlit, formála o.fl. til að afla sér upplýsinga (allt að 1500 orð á mín.).
- 4) **skimlestur** – að leita uppi einstaka orð í texta – dæmi: nafn í símaskrá (800-1000 orð á mín.).
- 5) **hraðlestur** – að lesa texta eins hratt og mögulegt er, án þess að missa niður eftirtektina m.ö.o. að skilja og muna í heild það sem stendur í textanum (350-600 orð á mín.).
- 6) **lestur stiklutexta** – að lesa kaflaheiti, undirkafla, atriðisorðaskrár, einnig þegar lesin er ein efnisgrein, sem myndar heild s.s. upplýsingar á netinu (hraði er mikill, en ekki eru gefnar upp tölur í því sambandi).

Talsmenn hraðlestraraðferðarinnar eru ekki á einu máli hvort aukinn hraði valdi minni eftirtekt, en rannsóknir sýna að aukinn hraði þarf ekki að valda því að eftirtekt minnki. Finna má á netinu ýmsar leiðbeiningar um það hvernig ná meggi auknum hraða í lestri og þar má t.d. sjá þessar staðhæfingar: Til að ná framförum í lestrarhraða þarf 1) löngunina til þess að ná árangri, 2) vilja til að nýta sér tækni aðferðarinnar og 3) framtak til að hefjast handa.

Hraðlestur hefur verið kenndur í grunnskóla og framhaldsskóla t.d. með bókum Fjölnis Ásbjörnssonar og Guðna Kolbeinssonar og er bókin “*Lestu nú*” ætluð efri bekkjum grunnskóla, en “*Lestu betur*” byrjunaráföngum framhaldsskóla. Einnig hafa kennarar í Vallaskóla (áður Sandvíkur og Sólvallaskóli) notað aðferðina á miðstigi með bókinni “*Bætt lestrartækni*”, sem tekin er saman af Björgu Sigurðardóttur o.fl (1998). Þess má einnig geta að gerðar hafa verið tilraunir með að beita hraðlestri þegar nemendur hafa átt í lestrarerfiðleikum og það gefist vel, þó er talið nauðsynlegt að nemandinn hafi náð raddlestrareinkunninni 4,5 og einnig er æskilegt að nemandanum sé kennt einstaklingslega þegar lestrargeta er svo skammt á veg komin.

7) **yndislestur** er það kallað þegar einstaklingurinn velur sér bók og les sér til skemmtunar eða afþreyingar og hefur það gífurlega þýðingu til framfara í lestri og einnig til fróðleiks og frekari menntunar.

Við upphaf sex ára bekkjar er fljótlega farið að kenna lestur, með ýmsum aðferðum, og skal þá einnig kannað hvort barnið er farið að lesa. Í ljósi þess hvað barnið kann í lestri ætti það að fá lesefni við hæfi.

Hér að neðan er fjallað stuttlega um þrjár lestraraðferðir, sem eiga fremur við þegar nemandinn er búinn að ná góðum tókum á lestri (t.d. um 8 – 9 ára aldur og seinna). Ekki er ætlast til að kennarar beiti þessum aðferðum nákvæmlega eins og hér er lýst heldur eru þær settar fram sem hugmyndir fyrir nemendur og einnig foreldra, sem eru að aðstoða börn sín við lestur námsbóka. Þessar aðferðir eru mjög tengdar námstækni og lestri námsbóka. Vinnan fer í

raun fram **áður**, **á meðan** og **eftir** að lesið er. (Nánari útfærslu má finna í ritinu Fluglæsi eftir Rósu Eggertsdóttur o.fl.).

### **SSLRSR-aðferðin** (SQ3R: Survey – Question – Read – Recite – Review)

1. þrep: “Texti er skoðaður. Nemandinn skoðar myndir, fyrirsagnir og feitlettranir í kaflanum eða kaflahlutanum sem lesa á.
2. þrep: Spurninga er spurt. Nemandinn spyr “kennaralegra” spurninga t.d. út úr hverri efnisgrein. Hann styðst við millifyrirsagnir og segir hvers hann var vísari.
3. þrep: Textinn er lesinn. Nemandinn les textann til að svara spurningunum.
4. þrep: Sagt frá efni textans. Nemandinn segir munnlega og með eigin orðum frá efninu sem lesið var.
5. þrep: Efnið rifjað upp. Nemandinn rifjar upp efnið með aðstoð spurninga.”

### **Gagnvirkur lestur**

Þessi aðferð er talin henta nemendum frá þriðja bekk og upp úr, en þó skal alltaf taka mið af þyngdarstigi textans þ.e. að hann sé aldursmiðaður.

**“Forstig:** Lestur. Nemendur og kennari lesa stuttan kafla úr texta.

Stjórnandinn (nem. eða kennari) les upphátt, hinir fylgjast með í hljóði.

Lesturinn ætti ekki að vera langur, ein efnisgrein er lesin í einu. Nemendur, sem eiga í erfiðleikum með að lesa textann einir, geta unnið í pari með öðrum færari lesara.

1. þrep: Samantekt. Stjórnandinn tekur saman helstu atriði efnisins. Hann segir hvert megninefnið er. Aðrir geta bætt við eða mótmælt. Mikilvægt er að reyna að halda sig við aðalatriði en sleppa smáatriðum.
2. þrep: Spurninga er spurt. Stjórnandinn spyr einnar eða fleiri spurninga sem er líklegt að kennari myndi spyrja. Þessi æfing gefur nemendum færi

á að æfa sjálfsspurningar [spyrja sjálfan sig] og ákveða mikilvæg atriði sem gætu komið til prófs seinna.

3. þrep: Útskýringar. Stjórnandi athugar hvort eitthvað þurfi útskýringa við. Á þessu stigi spyrja nemendur spurninga um atriði, sem þeim finnst erfitt að skilja og vilja fá nánari skýringar á. Kennarinn getur spurt spurninga og hvatt til spurninga frá hópnum eða bekknum. Þessu stigi er sleppt ef nemendum finnst allt vera skýrt og auðskilið.
4. þrep: Forspá. Stjórnandinn spáir fyrir um innihald textans sem á að lesa næst. Nemendur geta bætt við eigin ályktunum.

Næsti hringur. Endurtekning ferlis. Annar stjórnandi er valinn og ferlið endurtekið þar til lokið er við að lesa allt efnið. Samskipti nemenda og kennara þurfa að vera sem eðlilegust og þátttaka annarra nemenda í umræðum er æskileg.”

### **KVL-aðferðin – Kann – Vill vita – Hef lært** (á ensku K-W-L).

Þessi aðferð er svipuð og þær tvær sem sagt er frá hér að framan.

“1. þrep: Það sem nemendur kunna.

a) Nemendur fá eyðublað til að fylla inn á það sem þeir kunna. Þessu þrepi er ætlað að virkja fyrri þekkingu nemenda í gegnum hugflæði [að láta hugann reika um sem flest atriði varðandi hvert viðfangsefni]. Hugmyndir eru skráðar í K dálk [sjá töflu hér að neðan] á veggspjald í bekk en einnig hjá hverjum nemanda.

b) Nemendur flokka atriðin, finna heiti flokka og spá fyrir um fróðleiksflokka sem þeir kunna að finna í textanum. Þessar flokkanir verka sem hvati fyrir frekari fróðleik og áhuga á efninu.

2. þrep: Það sem nemendur vilja vita.

a) Kennari leiðir umræður til að hjálpa nem. að draga saman upplýsingar og búa til spurningar tengdar efninu. Kennari skrifar spurningar á töflu eða



veggblað. Á þann hátt deila nemendur með sér þekkingu. Nemendur fylla út sitt eigið valblað, V-dálk, einstaklingslega eða í litlum hópum.

b) Nemendur lesa textann. Skipta þarf textanum í viðráðanlega kafla.

3. þrep: Það sem nemendur hafa lært.

Fyllt er út í L-dálkinn þar sem skráð er það sem nem. hafa lært af lestrinum.

Bekkurinn gerir þetta sameiginlega og kennari skráir á veggblaðið en nemendur skrá einnig persónulega á eigið blað hvað þeir hafa lært.

Megintilgangur þessa hluta aðferðarinnar er sá að nemendur deili með sér fróðleik og að lesturinn hafi sýnilegan tilgang.

Dæmi um Indíána í Ameríku

K – kann	V – vill vita	L - hef lært
-Bjuggu í Ameríku	-Bjuggu Indíánar fyrst á	-Margir mismunandi ættbálkar í Ameríku
-Bjuggu í tjöldum	einu svæði	-Margvíslegar gerðir áhalda notaðar
-Veiddu	-Notuðu þeir áhöld úr steini?	-Höfðu reiðhesta og hunda
-Smíðuðu eintrjáninga	-Höfðu þeir hunda sem húsdýr?	-Elduðu margvíslega rétti
Yfirheiti:	-Trúðu þeir á anda?	-Lífðu á landinu [sem það gaf af sér]
STADIR	-Hvernig gerðu þeir leirmuni?	-Trúarbrögð þeirra voru fágúð'
FÆÐA	-Bjuggu þeir í kofum?	
SIÐIR		
LÍFSHÆTTIR		

(Aðalnámskrá 1989; Drög að aðalnámskrá 2005, Ester B. Halldórsdóttir 1999; Fjölirnir Ásbjörnsson 1997; Fjölirnir Ásbjörnsson og Guðni Kolbeinsson 1994 og 1997; Guðbjörg Ragnarsdóttir 2002; Helga Magnúsdóttir o.fl. 1993a og b; Ísak Jónsson 1946a og b; Jörgen Pind 1997; Rósa Eggertsdóttir 1998; Þórdís Kristjánsdóttir 2002.

## Heimalestur

Strax og lestrarnám hefst er nauðsynlegt að barnið sé aðstoðað við að lesa heima. Lesa þarf heima a.m.k. 5 daga vikunnar og verja til þess 10-15 mínútum (ekki með talinn sá tími sem fer í að búa sig undir að hefja lesturinn). Allan lestur skal skrá í viðeigandi kvittanabók, sem skólinn leggur nemandanum til.

Þegar nemandinn hefur tök á að lesa bækur eftir frjálssu vali (“yndislestur”) þá er æskilegt (sjá drög að aðalnámskrá ’05) að hann skrái einnig hjá sér þær bækur því öll skráning t.d. gröf eða safnrit veita aðhald og sjálfshvatningu. Þessi skráning “yndislestrar” getur t.d. verið aftan á kvittanahefti heima-/skólalestrar eða á öftustu síðu.

Á netinu er að finna fjöldann allan af skólanámskrám og öðrum greinum bæði á íslensku og erlendum tungumálum, þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að nemendur lesi heima og að í raun hefjist lestrarnám heima hjá börnunum strax í frumbersku með því að foreldrar/forráðamenn lesi fyrir þau.

(Alberto og Troutman 1995; Ásta Lárusdóttir o.fl. 1991; Drög að aðalnámskrá 2005; McEwan 1996; Putnam; 1996; www.heimiliogskoli.is; [www.literacyconnections.com](http://www.literacyconnections.com); planetesme.com/hints.html; www.education-world.com/curr081.shtml).

## **Lesskilningur**

Ekki er nóg að geta afskráð (að breyta stöfum, orðum og síðan texta í merkingarbært mál) texta án þess að veita því eftirtekt sem verið er að lesa. Hver kannast ekki við að hafa “lesið” án þess að vera með hugann við lesturinn?

Vísað er til hraðlestrarins hér að framan, en þá er aðferðin ekki talin verka rétt ef lesarinn tekur ekki eftir því sem hann les.

Í greinum um lestrarhraða má sjá að þar er talið að nemandi í efri bekkjum grunnskóla þurfi að geta lesið um 250-350 orð á mínútu til þess að geta tekist á við námið og gott sé að geta lesið 500-700 orð á mín. og þá er miðað við að nemandinn muni 80-100% af því efni sem hann las.

Í lesskilningi reynir að sjálfsögðu á skammtíma- og langtímaminni hvers og eins og vissulega er minnið misjafnlega haldgott eins og fólk gjarnan kannast við um sjálft sig.

Í tilraun sem gerð var í 5. bekk í Sólvallaskóla árið 1999 reyndist meðaltal lesskilnings ekki minnka markvert eða úr 80% í 78%, þrátt fyrir að meðaltal hraða ykist úr 130 orðum í 216 orð á mín á 6 vikna tilraunartímabili.

(Fjölur Ásbjörnsson 1997; Fjölur Ásbjörnsson og Guðni Kolbeinsson 1994 og 1997; Þórdís Kristjánsdóttir 1999; [www.ucc.vt.edu/stdysk/suggest.html](http://www.ucc.vt.edu/stdysk/suggest.html)).

## Hlustunarskilningur

Nauðsynlegt þykir að nemendur séu æfðir í að hlusta á talað mál og taka próf í hlustunarskilningi og er hér vísað t.d. í lestrarstefnu Hofsstaðaskóla (á netinu) þar sem nemendur taka próf í hlustunarskilningi frá 8 ára bekk. Bent skal á að nemendur taka samræmt hlustunarpróf í íslensku í 4., 7. og 10. bekk og einnig í erlendum tungumálum í lok grunnskólans og því þurfa þau að hafa æfingu í að taka slík próf ([www.hofsstaðaskoli.is](http://www.hofsstaðaskoli.is)).

## Lestrarferfiðleikar – dyslexía – torlæsi - leshömlun

Öll ofantalin orð merkja það sama þ.e. erfiðleika í lestri.

Líklegt er að almennt sé fólki kunnugt um að sumir eigi erfiðara með lestur og stafsetningu en gerist og gengur.

“Torlæsi [dyslexía] er eitt afbrigði námsörðugleika sem gerður er greinarmunur á. Það felur í sér áskapaða málhömlun, sem lýsir sér í erfiðleikum í orðgreiningu sem ber vott um ófullnægjandi hljóðúrvinnslu. Þessir erfiðleikar við orðgreiningu eru óvæntir þegar mið er tekið af aldri, námsgetu og vitsmunum; þeir stafa ekki af almennri þroskahömlun eða skyntruflunum. Torlæsi birtist í erfiðleikum með ólík form tungumálsins og felur oft í sér auk lestrarerfiðleika, augljós vandkvæði við að ná góðum tókum á ritleikni og stafsetningu.”

Þannig skýrir Jörgen Pind (1997) lestrarerfiðleikana og vitnar í Lyon frá 1995. Jörgen segir enn fremur að um 3-10% fólks eigi við þessa erfiðleika að etja. Þetta má líka orða í styttra máli eins og aðrir fræðimenn gera: Dyslexía stafar af galla í hljóðkerfisvitund (Høien og Lundberg 1997). E.t.v. vilja einhverjir fræðimenn hafa töluna hærrí, en víst er þó að erfiðleikarnir eru á mismunandi háu stigi eftir einstaklingum. Það sama gildir um alla sem greindir

hafa verið með þessa erfiðleika; *þeir þurfa að leggja meira á sig til að ná árangri í bóknámi heldur en þeir sem betur vegnar í lesrti og það lærir enginn fyrir annan.*

Nútíma tækni gerir nemendum kleift að nota geisladiska (eða hljóðsnældur), stærra letur, breytt letur (stækkað, breikkað, mismunandi leturgerð) eða litaðan bakgrunn texta, til að hlusta á og léttu sér róðurinn í námi þó að slíkt leysi nemandann engan veginn undan því að lesa eða skrifa. Margt konar leiðbeiningar um hjálp til handa nemendum með lestrarerfiðleika getur fólk fundið á netinu t.d. undir leitarorðinu “dyslexía” (dysleksi, dyslexia), sem nú má kallast alþjóðlegt heiti lestrarerfiðleikanna og snúast þær að sjálfsögðu einnig um hið hefðbundna þ.e. að nemandinn sýni þolgæði og framtakssemi til að ná framförum í námi.

## **Námsmat**

Í Drögum að aðalnámskrá (2005) er að finna fyrirmæli um námsmat, sem á að vera leiðbeinandi og hvetjandi. Greinandi próf og skimunarpróf á að leggja fyrir suma bekkir og er þar einnig bent á aðrar aðferðir við að meta nám s.s.: dagbækur, viðtöl, reglulegar skráningar, gátlista, próf, skipulegar athuganir, sýnis- og verkefnaöppur, sjálfsmat og jafningjamat, m.ö.o. fjölbreytt mat. Tekið skal fram að nokkur skortur er á stöðluðum lestrarprófum hér á landi þó svo að tekið sé fram að leggja eigi þau fyrir.

### **Á yngsta stigi þarf að meta**

**-málþroska**

**-lesskilning**

**-lestraráhuga**

**-leshraða með stöðluðum lestrar- og málþroskaprófum.**

### **Á miðstigi þarf að meta**

-**lesskilning** og orðaforða, með því að skrá færni nemenda til að svara munnlega eða skriflega spurningum úr lesnu efni eða að þeir skrifi stuttan útdrátt úr ákveðnu efni

-**leshraða** með stöðluðum lestrarprófum

-**lestraráhuga** með því að skrá fjölda og tegundir frjálslestrarbóka

-**virgni** með því að skrá reglulega þátttöku í munnlegri tjáningu og framsögn

-**framsögn** með því að leggja fyrir markviss verkefni, sem gera skýra kröfu um framsögn með viðeigandi látbragði.

### Á efri stigum má meta

-**lesskilning og orðaforða** með spurningum úr lesnum texta, skrifa útdrátt eða finna umbeðnar upplýsingar úr texta

-**lestraráhuga** með því að skrá fjölda og tegund kjörbóka

-**lestur** með því að láta nemendur tjá sig munnlega eða skriflega um lesið efni (Drög að aðalnámskrá 2005).

### Raddlestrarpróf

Raddlestrarpróf hafa verið notuð hér á landi frá árinu 1935. Þau meta fyrst og fremst afskráningu, en einnig liðleika og lestraröryggi.

Nemendur búa sig ekki undir prófið heldur er raddlestrarblað valið og nemendur lesa í tvær mínútur. Þá eru þau atkvæði, sem nemandinn las, talin, og reiknað út hve mörg atkvæði hann hefur lesið á mínútu (dregin eru frá þau atkvæði sem nemandinn hefur lesið rangt ef nokkur eru). Flest prófin eru 400 eða rúmlega 400 atkvæði og skv. skala um fyrirgjöf teljast 200 atkvæði á mínútu gera raddlestrareinkunnina 8,0. (Einnig má reikna raddlestur áfram þannig að 250 atkvæði teljast 9,0 í einkunn og 300 atkvæði 10). Skalinn er nákvæmur og segja má að hann sé hvetjandi fyrir nemandann þegar árangur þokast upp á við.

Eins og áður sagði tengist raddlestrarhraði því að hlustandinn skilji það sem lesið er og þannig er ekki sama hvort verið er að lesa fyrir smábarn, grunnskólabarn eða einhvern fullorðinn svo dæmi sé tekið. Kennarar og foreldrar ættu að vera vakandi yfir gengi nemenda í raddlestri því raddlesturinn getur gefið vísbendingar um hugsanlega lestrarerfiðleika.

Í Vallaskóla var skrifuð skýrsla um langtímarannsókn á raddlestrarárangri í Sólvallaskóla. Í þessari skýrslu er að finna niðurstöður um meðaltal raddlestrar-einkunna í 1.- 4. bekk og einnig var gerður samanburður við GRP 14h prófið sem tekið er í 9. bekk og gengi í lestri við upphaf skólagöngu. Í gagnasafninu var **enginn** nemandi undanskilinn. Þeir nemendur, sem ekki gátu lesið raddlestur (tóku aðeins stafakönnun), töldust með einkunnina 0, og þeir sem lásu 200 atkv. á mín voru með einkunnina 8,0. Niðurstöður meðaltals í raddlestri hafa verið hafðar til hliðsjónar við að meta raddlestrarfærni nemenda í 1.- 4. bekk í Vallaskóla og eru eftirfarandi:

Bekkur	Des. (fjöldi nem.)	Einkunn	Maí (fjöldi nem.)	Einkunn
6 ára (1. b.)	tóku ekki pr.		195	2,4 (38 atkv. á mín.)
7 ára (2. b.)	283	3,4 (63 atkv. á mín.)	284	4,7 (102 atkv. á mín.)
8 ára (3. b.)	236	5,4 (123 atkv. á mín.)	238	6,3 (150 atkv. á mín.)
9 ára (4. b.)	199	6,7 (162 atkv. á mín.)	198	7,1 (174 atkv. á mín.)

Meðaltalstölur af þessu tagi má m.a. nota til að velja þá nemendur sem þurfa aðstoð í lestri þ.e. þá nemendur sem víkja verulega frá meðaltali.

(Guðrún Þórðardóttir og Sigríður Jóhannsdóttir. 1987; Þórdís Kristjánsdóttir 2005).

### Framsagnarpróf

Framsögn skal meta skv. drögum aðalnámskrár (2005). Undanfarandi ár hefur framsögn (“skrautlestur”) verið metin í 4.-7. bekk í Vallaskóla með því að láta

nemendur æfa sig á stuttum texta í óbundnu máli og einu ljóði, sem þeir hafa farið með heim til sín skömmu fyrir prófið og þeim þannig gefið tækifæri til að æfa sig að lesa textann. Tveir kennarar hafa dæmt lesturinn með ákveðnu viðmiðunarblaði, svipuðu því og notað er í “Stóru upplestrarkeppninni” sem 7.-bekkingar í Vallaskóla hafa tekið þátt í undanfarin ár, en hún hófst árið 1996.

Sú regla var sett að nemandi þyrfti að hafa hlotið 8.0 (200 atkv. á mín.) í einkunn þrisvar sinnum til að öðlast rétt til þátttöku í framsagnarprófinu. Þó var sú undantekning gerð að hafi nemandi í 7. bekk ekki hlotið þessa einkunn að vori tæki hann engu að síður framsagnarpróf. Þegar nemendi hefur hlotið raddlestrareinkunnina 8,0 þrisvar sinnum skal gera honum grein fyrir þeim árangri.

Samþykkt var af stjórnunarteymi Vallaskóla 24. apríl 2006 að umsjónarkennari leggi lestrarpróf fyrir, en megi einnig leita til sérkennara um aðstoð við prófin. Athuga skal þó að sum próf eins og t.d. GRP 14h eru aðeins lögð fyrir af þeim sem hafa tekið þátt í námskeiði um fyrirlagningu slíks prófs. Niðurstöður raddlestrarprófa ætti að skrá á bekkjarlista, en ekki eingöngu rafrænt, vegna áhættunnar að slík gögn tapist úr tölvu, svo auðvelt sé að fylgjast með lestrarferlinu. Æskilegt er að haldið sé utan um þau gögn í sérstakri möppu því þannig er hægt að fylgjast með lestrarferlinum frá önn til annar og ári til árs (Baldur Sigurðsson og Þórður Helgason 2004; Drög að aðalnámskr. 2005.; Þórdís Kristjánsdóttir 2005 ).

Hér á eftir eru hugmyndir að lestrarstefnu settar fram í töflum og þá hver árgangur fyrir sig. Skipulagið er að mestu sótt í bókina Fluglæsi með nokkrum breytingum (Rósa Eggertsdóttir o.fl. 1998). Minnt skal á að tölur um leshraða eru **viðmiðunartölur**.

## Stefnumörkun fyrir 1. bekk

Markmið-efnisþættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b>			
-Hægur lestur frá staf til stafs, samstöfum til samstafa og orði til orðs.	-10- 60 atkv./mín -eink. 1,0-3,3.	-Nemendur lesa einstaklingslega fyrir kennara 3-5 sinnum á viku.	-Stafakönnun -raddlestrarpróf fyrir þá, sem eru búnir að ná þeirri færni t.d. að mati kennara -Leið til læsis að hausti og vori
<b>Tækni og leikni</b>			
-Lestur á einföldum texta við hæfi nem. -stafavinna -tenging stafa og hljóða -lestur eigin texta -lestur algengra orðmynda -lestur á staf fyrir staf, atkvæði fyrir atkvæði, samstöfum og orðum.	-Þekkir alla stafi og hljóð þeirra -tengir saman tvö hljóð eða fleiri -les einfaldan texta -þekkir myndir nokkurra algengra orða.	- Markviss málörvun: hlustun, rím, vinna með stöðu hljóða í orðum, orð og setningar -LTG-lestraraðferðin -hljóðaaðferð- innlögn stafa -heildarlestur -lestur eigin texta -læra algengar orðmyndir (kenndar sem heild í kennslubókum.) -samvinnuspjöld -lestur á tölvuforrit -heimalestur 5 sinnum í viku.	-
<b>Skilningur og viðhorf</b>			
-Skilningur á orðum og einföldum setningum -skilningur á samhengi í lesnum texta -einbeiting að lesmáli sem styður myndir -ánægja af lestri -áhugi á texta í umhverfinu -bækur valdar af áhuga.	-Parar saman myndir og orð/setningar -endursegir stutta texta -sækir í bækur og velur eftir áhuga.	-Umræður um efni texta -nem. segja sögur og skrifa ef þeir geta -kennari les fyrir nem. -bökkjarbókasafn -frjáls lestur -önnur verkefni tengd lesnum texta, t.d. að tengja mynd og orð eða setningu.	
<b>Önnur atriði</b>			
-Nemendur sem farnir eru að lesa við upphaf skólagöngu, eiga rétt á lestrarkennslu við hæfi -stefnt skal að auknum orðaforða hjá nemendum.	-Stigvaxandi færni metin -sérstök aðstoð fyrir einstaka nemendur.	-Foreldrum kynntar kennsluáðferðir skólans í lestri að hausti -foreldrar hvattir til að lesa fyrir og með börnum sínum.	-Tove Krogh-próf -hreyfiþroskapróf úr Mál- og hreyfiþjálfun -markviss skráning á framförum miðað við sambærileg próf.



## Stefnumörkun fyrir 2. bekk

Markmið – efnisþættir -inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b>			
-Lestrarhraði og liðleiki aukinn.	-Raddlestur 50-100 atkv. á mín. -einkunn 3,0-4,6.	-Raddlestur í skóla 3var-5 sinnum í viku -lestur heima 5 sinnum í viku -hljóðlestur fyrir þá sem hafa náð þeirri færni.	-Stafakönnun -raddlestrarpróf 4 sinnum á vetri  -Leið til læsis 2svar á vetri.
<b>Tækni og leikni</b>			
